

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármála-
starfsemi, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

5. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Gjaldskyldir aðilar, álagningarstofn og álagt gjald.

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim
hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir
skulu greiða 0,0101% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,24420% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og
0,04873% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en
400.000 kr. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,00615%
af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádrögnum hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuld-
inni.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,04581% af því
iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
4. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu greiða 0,0792% af eignum samtals, þó aldrei lægri
fjárhæð en 250.000 kr. Verðbréfasjóðir skulu greiða 0,01039% af eignum samtals, þó
aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu greiða 0,08031%
af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 150.000 kr.
5. Kauphallir og skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,5% af rekstrartekjum, þó aldrei
lægri fjárhæð en 250.000 kr.
6. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00596% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða
skal eftirlitsgjaldið sem 150.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina
eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 300.000 kr. vegna þeirra lífeyris-
sjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna og
600.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir.
Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við fjölda virkra
sjóðfélaga.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,76297% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð
en 250.000 kr.
8. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 250.000 kr. Póstgíró-
stofa Íslandspósts hf. skal greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.
9. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal greiða 0,0101% af eignum samtals, þó eigi lægri
fjárhæð en 400.000 kr. Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs skal greiða 0,0004% af eignum
samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.

10. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulíð 1. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal eftirlitsskyldur aðili sem er að minnsta kosti að 10 hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila greiða 1/5 hluta eftirlitsgjalds samkvæmt viðeigandi tölulíð 1. mgr., enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið. Ákvæði þetta á þó ekki við um lágmarksgjald skv. 1. mgr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.